

Fréttir af starfi FEB Hveragerði á haustmisseri 2023

Nú er mesti annatíminn við að koma öllu starfinu í gang eftir sumarfrí liðinn hjá. Við í stjórninni tókum upp þá nýjung að skrá alla viðburði og námskeið sem boðið er upp á í tölvukerfi sem heitir Sportabler. Þetta þótti mörgum vera erfið brekka, líka okkur í stjórninni, en allt hefur gengið vel og allt starfið farið af stað á þeim tíma sem við höfðum áætlað. Nokkrir hnökror reyndust vera, en það var þá oftast villa í banka viðkomandi. Við réðum starfsmann tímabundið sem hjálpar mikið. Bestu þakkir fyrir þolinmæði ykkar.

Hóparnir í Þorláksetri eru allir komnir af stað en við höfum haft áhyggjur af félagsvistinni en þar hafa fáir mætt. Tíminn kl. 13.00 á þriðjudögum rekst á vinsæla tíma í Heilsueflingu 60 + sem lýkur reyndar 19.10. nk. Við viljum því breyta tímanum yfir á kl. 15-18 á þriðjudögum þangað til. Sigurbjörg Ottesen verður hópstjóri.

Föstudaginn 29.9. var fyrsti föstudagsviðburðurinn, **Pizzu og bjórkynning í Ölverki** sem gekk ljómandi vel.

Næst er það svo **sviðaveislan föstudaginn 27. október** þar sem mættu 120 manns í Rósakaffi í fyrra. Nú viljum við ekki hafa svona þröngt svo við tökum á móti 70 manns og eigum síðan frátekið næsta föstudag á eftir þann 3. nóvember, aftur fyrir 70 manns ef mæting verður það góð.

Svo er það **leikhúsferð þann 16. nóvember á Deleríum Búbónis**, áætlað fyrir 50 manns á þá sýningu. Nánari kynning og skráning verður fljótlega.

Og til að ljúka þessari upptalningu ber að nefna **Jólahlaðborðið á Hótel Örk** þar sem er glæsilegur jólamatur og ýmislegt skemmtilegt á boðstólum sem verður kynnt síðar. **Dagsetningin er 6. desember kl. 15-18.**

Dagsferð um Reykjanes hefur verið frestað fram í mars 2024.

Fylgist vel með auglýsingum sem birtast á heimasíðu félagsins **Hvera.net**, einnig fésbókarsíðu, í tölvupósti og pósti með frímerki og svo er hún Ásta á skrifstofunni sem hjálpar við að finna upplýsingarnar. Og félagið niðurgreiðir um 25% allt sem er á döfinni til áramóta.

Hveragerði 3.10.2023

Fh. stjórnar: Sigurlín Sveinbjarnardóttir, formaður